

Aðalfundur foreldrafélags Heilsuleikskólans Holtakot

20.09.2023 kl. 20-21

Fundinn sátu:

Ragnhildur Skúladóttir – leikskólastjóri

Elva Dögg Kristjánsdóttir – aðstoðarleikskólastjóri

Erna Þórarinsdóttir – ritari

María Jónsdóttir – formaður

Gunnar Ingólfsson – gjaldkeri

Gestir:

Emilía Gunnarsdóttir

Katrín Lilja Ólafsdóttir

Gauti K. Gíslason

Gunnar Árni Hinriksson

Sara Dögg Júlíusdóttir

1. Farið yfir hlutverk foreldrafélagsins. Foreldrafélagið hefur séð um að borga ýmislegt sem viðkemur leikskólastarfinu, t.d. rútuferðir, jólagjafir fyrir jólaball, jólaleikrit, skemmtun fyrir sumarhátíð eins og hoppukastala og síðustu tvö ár hefur útskriftarhópurinn fengið merktu sundpoka í útskriftargjöf frá foreldrafélaginu.
2. Foreldrafélagið á um 820.000 kr í sjóðnum í dag. Foreldragjald inn í leikskólagjöldum sem rennur til foreldrafélagsins.
3. Foreldrafélagið ætlar að athuga með að panta jólasveina fyrir jólaballið. Erna athugar með Lottu og María ætlar að athuga með Sveinki.is
4. Óskað eftir foreldrum í foreldrafélagið og foreldraráð.
5. Leikskólastjóri sagði frá mönnunarvanda sem leikskólar standa frammi fyrir, mikið af erlendu starfsfólki er komið í vinnu í leikskólum. Mikil áhersla er lögð á að starfsfólk sem er af erlendu bergi brotið læri og tali íslensku og eins að íslenskumælandi starfsfólk tali íslensku við erlenda starfsmenn.
6. Næst á dagskrá er að athuga og skipuleggja jólagjafir, athuga með vasaljós eða bækur.
7. Framboð í foreldrafélag skólaárið 2023-2024
 - María Jónsdóttir – situr áfram sem formaður
 - Gunnar Ingólfsson – situr áfram sem gjaldkeri
 - Erna Þórarinsdóttir – situr áfram sem ritari
 - Gauti K. Gíslason – varamaður
 - Guðbjörn Jensson – varamaður
 - Sara Dögg Júlíusdóttir – varamaður
8. Foreldraráð – skólaárið 2022-2023 sátu Kristín Ósk Gísladóttir og Sigrún Árnadóttir í foreldraráði. Sigrún Árnadóttir situr áfram í foreldraráði, Emilía Gunnarsdóttir og Guðbjörn Jensson buðu sig fram í foreldraráð fyrir skólaárið 2023-2024.

Fundi slitið.